

# Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til breytinga á búvöru- búnaðar- og tollalögum vegna búvörusamninga (680. mál)

## I. Meginatriði

Í frumvarpi þessu er kveðið á um lagabreytingar sem nauðsynlegar eru vegna búvörusamninga sem undirritaðir voru af fjármála- og efnahagsráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fulltrúum Bændasamtaka Íslands þann 19. febrúar 2016. Um er að ræða fjóra sjálfstæða samninga um starfsskilyrði nautgriparræktar, sauðfjárræktar, garðyrkju auk rammasamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins. Samningur um starfsskilyrði nautgriparræktar nefndist áður samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu og rammasamningurinn nefndist áður búnaðarlagasamningur.

Í umsögninni hér á eftir er farið yfir nokkur meginatriði samninganna og hugmyndirnar að baki þeim.

Samningarnir eru afrakstur viðræðna samninganefnda ríkisins og bænda sem hófust í september 2015 og lauk við undirritunina í febrúar. Í samninganefnd bænda áttu sæti fulltrúar Bændasamtaka Íslands, Landssambands kúabænda, Landssamtaka sauðfjárbænda og Sambands garðyrkjubænda, en í samninganefnd ríkisins sátu fulltrúar atvinnuvega- og fjármálaráðuneyta.

Með samningunum er ætlunin að auka verðmætasköpun, treysta byggð, spara gjaldeyri og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu neytenda, bænda og samfélagsins alls. Um 4.000 manns starfa við landbúnað en alls tengjast um 11.000 störf landbúnaði með einum eða öðrum hætti. Framleiðsluverðmæti greinarinnar eru tæpir 70 milljarðar á ári. Þá er ótalin sú verðmætasköpun sem felst í áframvinnslu, verslun, veitingaþjónustu og fleira

Samningagerðin af hálfu bænda hefur aldrei verið eins opin. Aldrei áður hafa verið haldnir opnir bændafundir áður en samningagerðinni lauk. Jafnframt kynntu fulltrúar bænda samningana fyrir öllum sem óskuðu eftir því m.a. fulltrúum stjórnmalaflokka og hagsmunasamtökum.

Þann 29. mars urðu úrslit ljós í atkvæðagreiðslu bænda um samningana. 60% stuðningur var við sauðfjársamninginn og 75% við nautgriparræktarsamninginn sem er afgerandi niðurstaða. Þátttaka var 57 % í sauðfénu og 70% í nautgripunum. Áður höfðu garðyrkjubændur samþykkt sinn samning í stjórn Sambands garðyrkjubænda og rammasamningurinn var samþykktur samhljóða á Búnaðarþingi 2016. Bændur hafa því lokið afgreiðslu samninganna af sinni hálfu.

Samningarnir fjórir eru hugsaðir sem heild m.a. eru verkefni samræmd og færð á milli þeirra. Rammasamningur sem áður hét búnaðarlagasamningur er verulega breyttur og aukinn. Það eru auknir fjármunir til verkefna eins og jarðræktar, nýliðunar, lífrænnar ræktunar og geitfjárræktar. Ný verkefni eru meðal annars landgreiðslur og aukið virði skógarafurða. Samið var um að stytta gildistíma sauðfjársamnings og búnaðarlagasamnings um eitt ár en, þeir áttu að gilda út 2017, en samningur um mjólkurframleiðslu (nú

nautgriparæktarsamningur) rennur út í árslok 2016 (eftir 11 ára gildistíma) ásamt garðyrkjusamningi (eftir 15 ára gildistíma). Þetta er til þess að samræming og tilfærslur verkefna gangi upp.

Bændasamtökin telja afar jákvætt fyrir íslenskan landbúnað að hafa í höndunum ramma að starfsumhverfi sínu til næstu 10 ára, þó ýmsar vörður séu á leiðinni þar sem staldrað verður við og staðan metin. Þar veða þyngst endurskoðanir 2019 og 2023. Einnig er heimilt að færa á milli liða í samningunum ef einhverjar aðstæður skapast sem kalla á það.

## **II. Helstu breytingar og rökin að baki þeim**

Tilgangur stærstu breytinga samninganna er að komast út úr kvótakerfi í mjólk og greiðslumarkskerfi í sauðfjárrækt. Það er til þess að létta kostnaði við kaup á þessum réttindum af greinunum. Það á að lækka þröskuldinn inn í þær og beina þunga stuðningsins til þeirra sem eru að framleiða á hverjum tíma. Annar stór þáttur í samningnum er að gera fleiri verkefni almennari en ekki bundin einstökum búgreinum, svo sem nýliðun og fleiri verkefni sem útfærð eru í nýjum rammasamningi. Minnstar breytingar eru í nýjum garðyrkjusamningi, enda er þetta aðeins í annað skipti sem slíkur samningur er gerður. Aðrir samningar eiga sér lengri sögu, en fyrstu búvörusamningarnir voru gerðir 1985.

Viðskipti með mjólkurkvóta hafa farið fram með opinberum hætti. Fyrir liggur að kostnaður vegna kvótakaupa frá 1994 er 28 milljarðar á verðlagi 2015, án fjármagnskostnaðar. Verð á viðskiptum með greiðslumark sauðfjár hafa ekki verið skráð og þar liggur ekki fyrir neitt yfirlit um kostnaðinn.

Starfsskilyrði nautgripa- og sauðfjárræktar hafa ekki verið sambærileg. Ekki má framleiða mjólk á innanlandsmarkað án þess að eiga kvóta og þar er því framleiðslustýring. Engin framleiðslutakmörkun eða –stýring er í sauðfjárrækt. Greiðslumarkið þar veitir réttindi til ákveðinnar fjárhæðar í stuðning en er á engan hátt tengt afurðamagni.

Fjárhæðir í samningunum eru áfram fastar og verði aukin framleiðsla þynnast greiðslur út á afurðir. Samningarnir fela ekki í sér fastar greiðslur á framleitt magn. Það er því ekki hægt að sækja sér ótakmarkaða fjármuni í ríkissjóð með aukinni framleiðslu. Þar fyrir utan er ljóst að mikil framleiðsluaukning er líklegt til að lækka afurðaverð.

Komið er í veg fyrir að of mikil samþjöppun verði með stuðningi ríkisins með því að setja hámarkshlutfall sem hver einstakur framleiðandi getur fengið af heildarstuðningi hvers samnings. Það er nýmæli. Það kemur ekki í veg fyrir hagræðingu en undirstrikar vilja til þess að styðja fyrst og fremst við fjölskyldubú.

Endurskoðanir 2019 og 2023 eru til að bregðast við þróun og meta hvernig markmið nást. Gangi þau ekki eftir er hægt að bregðast við og stjórnvöld sem verða við völd á hverjum tíma geta lagt fram sínar áherslur. Það er því ekki búið að læsa starfsumhverfi landbúnaðarins í 10 ár, en það er mörkuð ákveðin stefna. Því til viðbótar eru breytingar hægfara fyrstu árin, einkum í sauðfjársamningnum. Þar byggist mikið á því að hægt verði að auka verðmæti afurða um 7,5% fyrstu þrjú ár samningsins. Ef markmið um afurðaverð nást ekki þá verður að taka tillit til þess við endurskoðunina 2018

Með sama hætti þá er samið um að fram fari kosning meðal kúabænda árið 2019 um hvort þeir vilji halda áfram á sömu leið út úr kvótakerfi í mjólkurframleiðslu. Afstaða bænda við þá endurskoðun mun byggjast á niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

Það koma inn nýir fjármunir, einkum inn í rammisamninginn vegna nýrra verkefna og aukinnar áherslu á almennari stuðning. 8,1% hagræðingarkrafa á samningstímanum kemur á móti aukningunni. Í lok samningstímans verða framlög ríkisins svipuð upphæð og 2016. Miðað við að hagvöxtur verði áfram hærrí en verðbólga er ljóst að stuðningur við landbúnað sem hlutfall af landsframleiðslu mun áfram lækka.

### III. Tollabreytingar

Í samningunum er verðtollur á 10 tollanúmerum uppfærður miðað við verðlagsþróun frá 1995. 6 númer eru vegna mjólkurdufts en 4 vegna osta. Hækkanir magntolls eru á bilinu 511 kr/kg og upp í 743 kr. kg. Hlutfallsleg hækking er 148,5%. Lægsti tollur fer úr 344 kr/kg í 855 kr/kg. Hæsti tollur fer úr 500 kr/kg í 1.243 kr/kg.

Tilgangur þessara breytingar er stuðla að því að tollvernd virki eins og til er ætlast. Tollvernd þarf að hafa þau áhrif að framleiðsluvilji verði áfram fyrir hendi. Ef hún rýrnar sífellt að verðgildi gröfum við smátt og smátt undan innlendu framleiðslunni. Hlutfallið er hátt en tímabilið er líka langt. Enginn myndi samþykkja í dag að fá laun samkvæmt taxta frá 1995, en laun hafa hækkað um rúm 300% á tímabilinu. Hér er verið að fara fram á að krónutölur sem hafa verið óbreyttar 20 ár hækki til samræmis við almennt verðlag á tímabilinu.

Framleiðsluvörur sem standa að baki þeim tollnúmerum sem um ræðir jafngilda um 70 milljón lítrum af mjólk. Það jafngildir allri mjólkurframleiðslu í Norðvestur- og Norðausturkjördæmum

### IV. Önnur stór verkefni

Í samningunum er lítið komið til móts við þær greinar sem verða harðast fyrir barðinu á áhrifum tollasamnings Íslands og ESB sem kom óþægilega á óvart inn í miðjar samningaviðræðurnar. Eðlilegt er að tillögur vinnuhóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem falið var að meta áhrif samningsins verði ræddar um leið og samningurinn sjálfur við meðferð Alþingis.

Rætt hefur verið við umfjöllun um samningana hvort verið sé að styðja við útflutning með óeðlilegum hætti. Fyrr á árum voru bændur reyndar skyldaðir til að flytja út kindakjöt, en sú tilhögun var afnumin af kröfu ríkisins fyrir sjö árum. Á síðari árum hefur sú staða hinsvegar komið upp að í sumum tilvikum fæst betra verð fyrir afurðirnar erlendis en hér heima og bændur vilja eðlilega nýta þau tækifæri sem bjóðast erlendis. Vissulega eru markaðir erlendis sveiflukenndir en sé hægt að styrkja landbúnaðinn í sessi með útflutningi þá viljum við gera það. Það er enginn vilji til að taka upp útflutningsbætur að nýju. Þetta snýst um að nýta tækifærin sem geta aukið verðmæti afurða og bætt afkomuna. Á sama tíma hefur alltaf verið haft í forgangi að sinna heimamarkaðnum vel. Skýrt dæmi um það er að það dró talsvert úr útflutningi sauðfjárafurða haustið 2011 eftir metútflutning árið á undan, ekki síst vegna gagnrýni á ónógt framboð innanlands. Útflutningstekjur af sauðfjárafurðum hafa verið á bilinu 3 -3,5 milljarðar FOB á undanförunum árum og þær skipta miklu máli fyrir

afkomu greinarinnar í heild. Vaxandi tekjur eru um leið af útflutningi mjólkurafurða og tekjur af erlendri starfsemi þar hafa í sumum tilvikum verið nýttar til að halda niðri verði hér innanlands.

Í rammasamningi er bókun um byggðamál þar sem ætlunin er að koma af stað vinnu við að styrkja innviði sveitanna og vinna að frekari tillögum sem geta orðið til framfara á því sviði. Þar er verk að vinna og þar má m.a. ræða hvernig samþætta má frekar stuðning við landbúnaðinn og byggðastefnuna.

Síðan er nýfarin af stað vinna í samstarfi bænda og umhverfisráðuneytis er varðar loftslagsmál og landbúnaðinn. Þessi mál eru gríðarlega mikilvæg fyrir landbúnaðinn og samfélagið allt og ætlunin er að móta þarna tillögur um hvernig greinin getur sem best unnið að markmiðum á þessu sviði. Þar er mikið undir bæði varðandi orkunýtingu, almenn umhverfisáhrif og aðra losun gróðurhúsalofttegunda. Það var niðurstaðan að ræða þessi mál sérstaklega við stjórnvöld, en það dregur á engan hátt úr mikilvægi þeirra. Í rammasamningi er síðan stórt verkefni um mat á gróðurauðlindum þar sem ætlunin er að efla rannsóknir á beit og áhrifum hennar.

## **V. Lokaorð**

Ekki hefur verið litið á búvörusamninga sem samninga um kaup og kjör eins og á vinnumarkaði, heldur samninga við stuðning við framleiðslu búvara sem geri bændum kleyft að selja afurðir sínar frá sér á lægra verði en annars væri hægt. Þannig skilar stuðningurinn sér til neytenda. Hækkanir á fjárhæðum í samningnum eru langt frá þeim tölum sem samið hefur verið um á vinnumarkaði undanfarið. Miklu meiri fjármuni þyrfti ef samningarnir ættu að vera afkomutrygging fyrir bændur. Eins og kerfið er núna er þetta stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki í dreifbýli.

Bændasamtökin leggja þunga áherslu á að mögulegar breytingar á frumvarpinu í meðförum Alþingis verði ekki til þess að misræmi myndist milli þess og samninganna. Svo sem greinir frá í upphafi er afgreiðslu samninganna lokið á vettvangi bænda og Bændasamtökin geta ekki stutt afgreiðslu sem fer í bága við þá niðurstöðu.

**F.h. Bændasamtaka Íslands**

**Sigurður Eypórsson**

**framkvæmdastjóri**